



Samband íslenskra sveitarfélaga
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2022
Tilv.: MRN22030131/2.3.0

Mennta- og barnamálaráðherra hefur ákveðið að skipa samráðs- og viðbragðsteymi íslenskra stjórnvalda fyrir börn á flótta (óháð upprunalandi). Teyminu er falið það hlutverk að vakta stöðuna með hliðsjón af réttindum og velferð þeirra barna sem um ræðir, veita ráðleggingar varðandi viðbrögð stjórnvalda og aðstoð á alþjóðlegum vettvangi, jafnt sem því að samræma aðgerðir og veita ráðleggingar um móttöku barna á flótta hér á landi. Meðal hlutverka teymisins verður einnig að vinna hagsmunamat út frá réttindum barna á aðgerðum stjórnvalda fyrir börn á flótta hér á landi.

Undanfarin ár hefur fjöldi barna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi aukist verulega. Frá árinu 2019 þar til í mars 2022 hafði Útlendingastofnun afgreitt umsóknir 635 barna, þar af 42 barna sem komu ein til landsins. Það sem af er árinu 2022 hefur fjöldi fólks á flótta frá Úkraínu komið til landsins og bæst við þá hópa sem fyrir voru. Fólksflótti frá Úkraínu síðustu vikunnar er sá mesti sem sést hefur í Evrópu síðan í heimsstyrjöldinni síðari. Aldrei hafa jafn margir flúið eitt og sama landið á jafn skömmum tíma og nú. Nú þegar eru vel á þriðja hundrað barna komin til landsins frá Úkraínu.

Aðstæður barnanna hér á landi hafa mætt gagnrýni og árið 2018 gaf rannsóknarstofnun Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, Innocenti, út skýrslu um stöðu þeirra barna sem sækja um alþjóðlega vernd á Norðurlöndum. Meðal þess sem var bent á í skýrslunni var skortur á samtali og samþættingu þjónustu milli þeirra ólíku aðila sem koma að móttöku barna sem sækja um alþjóðlega vernd hér á landi. Í skýrslunni var einnig lögð rík áhersla á mikilvægi þess að innleitt verði með markvissum hætti formlegt ferli þar sem hagsmunir barna eru metnir með tilliti til réttinda þeirra í gegnum allt móttöku- og umsóknarferlið.

Börnum sem sækja um alþjóðlega vernd er tryggður réttur til umönnunar og verndar stjórnvalda í móttökuríki í alþjóðlegum sáttmálum, m.a. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, hvort sem þau eru ein eða í fylgd foreldra eða annarra. Börn á flótta eru sérstaklega berskjölduð og eru sem dæmi útsett fyrir barnabráðun, mansali og kynferðislegu ofbeldi.

Vert er að benda á mikilvægi þess að viðbrögð stjórnvalda byggi á alþjóðlegum skuldbindingum og leiðbeiningum alþjóðastofnana um móttöku barna á flótta.

Með hliðsjón af verkefnum teymisins er mikilvægt að það verði skipað fagfólki af vettvangi, fulltrúum opinberra aðila sem koma að málaflöknum ásamt fulltrúum félagasamtaka með fagþekkingu á þessu sviði. Lagt er til að mennta- og barnamálaráðuneytið fari með formennsku og að eftirfarandi aðilum verði boðið að skipa fulltrúa: félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, utanríkisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, innviðaráðuneytið, Fjölmenningarsetur, Barna- og fjölskyldustofa, Útlendingastofnun, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Þroskahjálp, Rauði krossinn á Íslandi, Hjálpræðisherinn, skóla og frístundasvið Reykjavíkur, barnavernd Hafnarfjarðar,

Suðurnesjabæjar og Voga og Reykjavíkur, UNICEF á Íslandi og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Hlutfall kvenna skal þó aldrei vera minna en 40%. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að þér tilnefnið tvo einstaklinga, hvor af sínu kyni. Ráðherra skipar í samráðshópinn og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess.

Mennta- og barnamálaráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í nefndinni/starfshópnum.

Mælst er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta og eigi síðar en 8. júní nk. Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang og netfang tilnefndra aðila fylgja. Ef svar sendist ráðuneytinu í tölvuskeyti þá vinsamlegast sendið á mrn@mrn.is.



Ásmundur Einar Daðason
mennta- og barnamálaráðherra



Páll Magnússon
ráðuneytisstjóri